

Skagafjörður
Skagfirðingabraut 17
550 SAUÐÁRKRÓKUR

Garðabær, 30. apríl 2024
Málsnúmer: 202403-0028/29
BK

Efni: Afpreyingar- og ferðamannasvæði við Sauðárgil á Sauðárkróki - Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag

Vísað er í tölvubréf frá Skagafirði sem bárust í gegnum skipulagsgátt þann 13. mars 2024 þar sem er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags og er hér sameiginleg umsögn fyrir bæði málin.

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér stækkun afpreyingar- og ferðamannasvæðis AF-402 á kostnað opins svæðis OP-404 upp með Sauða. Markmið deiliskipulagsins er að setja fram stefnu um umgjörð og skipulag fyrir nýtt tjaldsvæði á Sauðárkróki og uppbyggingu útivistarsvæðis við Sauðárgil. Skipulagssvæðið er milli Sæmundarhlíðar og Sauðár og er um 5,7 hektarar að stærð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin. Þar sem um er að ræða svæði í jaðri byggðarinnar og á landi sem ber nokkur merki rasks, þá gerir stofnunin ekki athugasemdir við skipulagið.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

